

Þemaþing Norðurlandaráðs í Færeyjum 8.–9. apríl 2024

Öryggi, friður og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi

Norðurlandaráð kemur saman á þemaþingi í Þórshöfn í Færeyjum undir yfirskriftinni „Öryggi, friður og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi“.

Við lifum á sögulegum óvissutímum og norrænt og alþjóðlegt samstarf er mikilvægara en nokkru sinni.

Viðvarandi og vaxandi óvissa einkennir nú stöðuna í heiminum, Evrópu og á Norðurlöndum. Samtímis stendur heimurinn frammi fyrir margvíslegum og miklum viðfangsefnum svo sem hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og miklum loftslagsbreytingum, gervigreind og tölvuógnum, auknum ójöfnuði og ógnum við lýðræðið.

Innrás Rússa í Úkraínu hefur leitt til þess að staða öryggismála er mjög ótrygg og hefur verið fyrirferðarmikil í umræðunni í öllum frjálsum og lýðræðislegum samfélögum. Í kjölfarið hafa Finnland og Svíþjóð gengið í NATO. Norður-Atlantshafssvæðið er mikilvægt í geópólitísku samhengi og er því í viðkvæmri stöðu og það kallar á pólitíska athygli.

Hlutverk Norðurlandaráðs og aðgerðir norrænu landanna til þess að efla norrænt samstarf á sviði öryggis-, viðbúnaðar- og friðarmála eru mikilvægari en nokkru sinni og norrænu þjóðþingin gegna sérstöku hlutverki.

Norrænu löndin hafa alla tíð lagt áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um frið, lýðræði, loftslagið og réttindi frumbyggja jafnt á norðurslóðum sem í Norður-Atlantshafi.

En hvað geta norrænir þingmenn gert til þess að tryggja þetta? Hvað geta norrænir þingmenn lagt til málanna til þess að halda á lofti mikilvægi þess halda í heimsskipan sem byggist á lýðræði og reglum með frið að markmiði? Og á Norðurlandaráð að hvetja norrænu ríkisstjórnirnar til þess að grípa til beinna aðgerða á þessu sviði?

Þá er átt við beinar aðgerðir í tengslum við bæði almannavarnir og viðbúnað, stefnumiðaðar fjárfestingar, aukið samstarf og eflingu þeirra gilda sem tengja norrænu löndin saman.



Norðurskautssvæðið, Eystrasaltssvæðið og Norður-Atlantshafið eru þrjú svæði sem hafa mikla þýðingu fyrir norrænu löndin. Í formennskuáætlun Íslendinga í Norðurlandaráði árið 2024 er áhersla lögð á frið og öryggi á Norðurskautssvæðinu og í Norður-Atlantshafi og á þemaþingi Norðurlandaráðs koma norrænir þingmenn, ráðherrar og sérfræðingar því saman í Færeyjum til þess að ræða stefnu og aðgerðir til þess að tryggja öryggi, frið og viðbúnað á Norður-Atlantshafi.

Dagskrá þemaumræðna

Þriðjudagur 9. apríl 2024 kl. 9.05–10.30

Inngangsorð:

Bryndís Haraldsdóttir, forseti Norðurlandaráðs – 2 mínútur

Aksel V. Johannesen, lögmaður Færeyja – 5 mínútur

Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra Íslands – 5 mínútur

Gestaræðumaður:

Louise Dedichen, aðstoðaraðmíráll og formaður hernaðarnefndar Noregs – 15 min.

Opnar umræður – athugasemdir og spurningar úr sal og pallborði (60 mínútur):

Pallborðið skipa: Louise Dedichen, Bryndís Haraldsdóttir, Pia Hansson (forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands), Guðrún Hafsteinsdóttir, Aksel V. Johannesen

Fundarstjóri: Rógvi Olavson (Háskólanum í Færeyjum)

Spurningar til að kveikja umræður

- Hvernig geta norrænu löndin með beinum hætti eft samstarfið á sviði varnar- og öryggismála í Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum, og hvaða nýju tækifæri opnast þegar öll norrænu löndin eru orðnir aðilar að NATO?
- Hvað þarf Norðurlandaráð einkum að leggja áherslu á að gera meira af til þess að efla öryggi, frið og viðbúnað á Norður-Atlantshafi?
- Hvað þarf til þess að viðhalda lítilli spennu á Norður-Atlantshafi m.t.t. öryggismála?
- Á hvaða sviðum er hægt og á að bæta samstarf í viðbúnaðarmálum á Norður-Atlantshafi?
- Hvaða samstarfsaðilar eru mikilvægir fyrir Norðurlandaráð og norrænu löndin til þess að tryggja lýðræði og frið til frambúðar?
- Hvert á friðarhlutverk norrænu landanna að vera?
- Hvernig verður sem best hlúð að trausti og vináttu á milli norrænu þjóðanna til framtíðar?



- Hvaða áhrif hafa breytingar á norðurslóðum og loftslagsbreytingar almennt á öryggismál og tækifæri á Norður-Atlantshafi?
- Hvernig er hægt að efla hinn þinglega þátt í norrænu varnar- og öryggissamstarfi?
- Er þörf á því að fella samstarf á sviði öryggis-, varnar- og viðbúnaðarmála inn í grundvallarsamning norræns samstarfs, Helsingfors-samninginn, til þess að tryggja að Norðurlönd uppfylli markmið sitt um að verða samþættasta og sjálfbærasta svæði heims?

Nánari upplýsingar

Formennskuáætlun Íslands í Norðurlandaráði 2024 – Friður og öryggi á norðurslóðum:
<https://www.norden.org/is/node/84964>

Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum, samþykkt 15. mars 2023:
<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1743488&dswid=-4991>

Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2018–2022:
<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1156000&dswid=-7620>

Stefna Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi:
<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1362720&dswid=8279>

Den udenrigs- og sikkerhedspolitiske udvikling i Arktis og Nordatlanten:
<https://cms.polsci.ku.dk/publikationer/den-udenrigs--og-sikkerhedspolitiske-udvikling-i-arktis-og-nordatlanten/>

Stoltenberg-skýrslan:
<https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/ud/vedlegg/nordiskrapport.pdf>

Ten years on: Reassessing the Stoltenberg Report on Nordic cooperation:
https://www.researchgate.net/publication/332934959_Ten_years_on_Reassessing_the_Stoltenberg_Report_on_Nordic_cooperation

Skýrsla Björns Bjarnasonar:
https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Utanrikisraduneytid/PDF-skjol/Norraen_utanrikis_og_oryggismal_2020_net.pdf

Enestam-skýrslan:
<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1611557&dswid=-349>

Haga-samstarfið:



<https://www.msb.se/sv/om-msb/internationella-samarbeten/nordiskt-samarbete/>

Skýrslan New Nordic Peace:

<https://www.norden.org/is/node/58874>

Arktis og Østersøen skal tænkes sammen i forsvarspolitikken:

https://pure.diis.dk/ws/files/23330605/DIIS_sters_en_og_Arktis_i_dansk_forsvarspolitik_WEB.pdf

NORDEFECO-skjöl

<https://www.nordefco.org/docs>

NATO - Strategic Foresight Analysis, report 2023

<https://www.act.nato.int/article/act-releases-sfa-2023/>